



Samtakahópurinn, fundur haldinn 28.09 2022 kl.10.00 í Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: María Guðmunda Pálsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Elín Ingibjörg Kristófersdóttir, Ásdís Ragna Einarsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

1.mál Kynning á farsæld í þágu barna

Helga Andrésdóttir kynnti starf innleiðingarteymis varðandi laga um samþættingu þjónustu í þágu barna.

Samtakahópurinn þakkar greinargóða kynningu.

Heilsu og forvarnarvika í Reykjanesbæ 3. – 9. október nk.

Framundan er Heilsu- og forvarnarvika í Reykjanesbæ vikuna 3.-9.október þar sem fjöldi heilsutengdra viðburða verða í boði fyrir bæjarbúa á öllum aldri. Markmiðið með Heilsu- og forvarnarvikunni er að draga úr þeim áhættuþáttum sem einstaklingurinn getur staðið frammi fyrir á lífsleiðinni ásamt því að hlúa að verndandi lífnaðarháttum með þátttöku allra bæjarbúa.

Fjölbreytt dagskrá verður alla vikuna og ýmis tilboð í gangi hjá fyrirtækjum og stofnunum Reykjanesbæjar. Meðal þess sem er á dagskrá í Heilsu- og forvarnarvikunni er heilsufyrirlestur með Ebbu Guðný Guðmundsdóttur mánudaginn 3.október kl. 20.00-21.00 í Íþróttakademíunni við Krossmóa um næringu,

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is

matarsóun og umhverfisvernd. Einnig er í boði rafrænn fyrirlestur um svefn með Einari Trausta Einarssyni sálfræðingi þar sem hann fer yfir sturlaðar staðreyndir um svefn. Þá er í boði heilsufarsmælingar á Bókasafni Reykjanesbæjar, krakka jóga, Aqua jóga og frítt er í sund föstudaginn 7.október í Vatnaveröld. Íþróttafélögin munu bjóða upp á ókeypis æfingar og vinaviku. Þar að auki eru leikskólar, skólar og Fjörheimar með fjölbreytta dagskrá í boði fyrir börn og ungmenni alla vikuna. Líkamsræktarstöðvar verða með ýmis tilboð í gangi og Janus Heilsuefling verður með viðburði fyrir eldri borgara.

Við getum því öll fundið okkur hreyfingu við hæfi og nýtt okkur fjölda heilsueflandi viðburði þessa vikuna fyrir bættu heilsu. Bæjarbúar eru hvattir til þess að taka þátt í Heilsu- og forvarnarvikunni og hægt er að kynna sér dagskránnar nánar

<https://visitreykjanesbaer.is/vidburdadagatal/heilsu-og-forvarnarvika/>

<https://www.youtube.com/watch?v=zTbNeggC5lo>

Að auki eru mikilvæg skilaboð til foreldra um uppeldi barna í Reykjanesbæ frá

Margræti Lilju Guðmundsdóttur <https://www.youtube.com/watch?v=5jlx19V1qKU>

3. Ofbeldismál ungmenna.

Umræður um ofbeldismál ungmenna. Málefni sem við þurfum að taka föstum tókum hér í Reykjanesbæ sem og annarsstaðar á landinu.

4.mál frístundir.is

Samtakahópurinn minnir á vefinn fristundir.is en á vefnum eru kynntar þær íþróttir og tómsundir sem eru í boði fyrir bæjarbúa.



5.mál útvistartími barna og ungmenna

Samtakahópurinn minnir á útvistartíma barna og ungmenna og mikilvægi þess að hann sé virtur.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11.30



Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24



www.samarhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.